

Fyrirspurn

til dómismálaráðherra um fullnustu dóma.

Frá Þorbjörgu Sigríði Gunnlaugsdóttur.

- Um hvers konar kynferðisbrot var að ræða í fjórum fangelsisdómum fyrir kynferðisbrot sem höfðu fyrnst síðastliðinn áratug, sbr. skýrslu Ríkisendurskoðunar um Fangelsismálastofnun, og hversu þungir dómar höfðu fallið í þeim?
- Um hvers konar ofbeldisbrot var að ræða í alls 31 dómi fyrir ofbeldisbrot sem höfðu fyrnst á sama tímabili og hversu þungir dómar höfðu fallið í þeim?
- Telur ráðherra boðlegt að vegna vanfjármögnunar hafi fangelsi landsins ekki burði til að framfylgja niðurstöðum dómstóla og fullnusta refsidóma?
- Um hversu margra ára skeið hefur Fangelsismálastofnun sætt niðurskurðarkröfum?

Skriflegt svar óskast.